

**Samlíf -Samtök líffræðikennara-
Pósthólf 8282
128 Reykjavík**

Alþingi
Erindi nr. P 118 1288
komudagur 1 /12 1994

Efni bréfs: Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla (127. mál)

Í bréfi Menntamálanefndar Alþingis, dagsettu 10. nóvember 1994 er óskað umsagnar Samtaka líffræðikennara um framkomið frumvarp til laga um framhaldsskóla. Samtökum líffræðikennara er ljúft að verða við þeirri beiðni.

Samtök líffræðikennara -Samlíf- eru fagleg samtök líffræðikennara á öllum skólastigum og sem slík taka þau ekki afstöðu til stjórnunarþátta skólastarfs svo fremi að þeir snerti ekki faglega umræðu í skólastarfi.

Vegna hins skamma tíma sem okkur var ætlaður til að gefa umsögn hefur ekki unnist nægur tími til ítarlegrar skoðunar. Stjórn félagsins hefur hins vegar rætt málið nokkuð og byggjast eftirfarandi ályktanir á þeirri skoðun:

1. Stjórn samtaka líffræðikennara lýsir ánægju með að frumvarp til laga um framhaldsskóla skuli fram komið. Öll umræða um framhaldsskólann er til bóta og eykur líkur á betra skólastarfi. Óljóst orðalag er þó víða að finna í texta frumvarpsins sem má auðveldlega misskilja.
2. Við lestur frumvarpsins vekur athygli hve stjórnun skóla fær mikið rúm en störf og markmið skólastarfs vega lítið. Af því má ráða að draga eigi mjög úr áhrifum kennara á stjórn skóla og er það miður. Tíundað er nokkuð nákvæmlega hverjir skuli skipa nefndir og ráð en minna er fjallað um skyldur skóla og ráðuneytis um samsetningu námsþátta, gæði náms og kennslu. Í greinargerð með frumvarpinu er um þetta fjallað en hún hefur ekki lagagildi.
3. Reglugerðir og aðalnámskrá eru ekki fram komnar og innihald þeirra því óljóst. Reikna má með að það sem stendur í greinargerð með frumvarpinu lýsi meginhugmyndum sem eftir eigi að koma þar fram. Það er mat okkar að eitthvað af þeim áherslum verði að taka inn í lagafrumvarpið.

4. Í 3. grein er fjallað um árlegan starfstíma skóla. Nýta á betur en nú er 9 mánaða starfstíma með ekki færri en 150 kennsludögum. Ekki verður séð hvernig þetta kemur heim og saman við núverðandi ástand. Engar tillögur um útfærslu liggja fyrir í frumvarpinu eða greinargerðum með því. Ljóst er að taka verður kjarasamninga kennara til gagngerðar endurskoðunar ef þetta á að ganga upp.

5. Í 16. grein frumvarpsins er fjallað um námsbrautir framhaldsskólans. Í 17. grein eru brautimar skilgreindar nánar í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Á bls. 26 er fjallað um brautarkjarna til stúdentsprófs og talið upp hvað kenna skuli á öllum lengri námsbrautum. Það kemur á óvart að engar raun- eða tæknigreinar skuli vera þar á meðal. Með vaxandi umræðu um umhverfismál er afar brýnt að náttúru- og umhverfisfræði fái aukna áherslu í kennslu og námi.

6. Í 17. grein segir: “Námsbrautir skulu skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins” og nokkur síðar í sömu grein “Áherslur í almennum greinum skulu miðast við lokamarkmið námsbrautar”. Hvernig ber að skilja þetta?! Er meiningin t.d. að kenna sérstaka “stærðfræði” fyrir trésmiði og aðra “stærðfræði” fyrir blikksmiði, svo eitthvað sé nefnt? Okkur sýnist að með þessu orðalagi sé að nokkru vegið að núverandi fjölbrautakerfi.

7 Við fögnum sérstaklega þeim greinum sem ganga í þá átt að auka tilraunastarf í framhaldsskólum, 31. grein um kjarnaskóla og 44. og 45. grein um tilraunir í skólastarfi og um Próunarsjóð framhaldsskóla. Við styðjum allt það er orðið getur til að auka veg og virðingu náttúrufræðikennslu og vísinda í framhaldsskólanum.

8. Hvergi er fjallað um námsefnisgerð í framhaldsskóla og hvernig skuli staðið að henni en það hlýtur að vera forsenda árangursríks skólastarfs.

Virðingarfyllst.



fh. Samtaka líffræðikennara

Bogi Ingimarsson

formaður.